

heiðnu Grikkir og Rómverjar, og varla heldur efamál hvað einkum muni valdið hafa.

5. Skemmtileg saga

I

Meðal fyrstu vesturfara héðan af landi voru fátæk hjón úr Eyjafirði, — ef mig misminnir ekki —. Var konan systir síra Magnúsar Grímssonar, sem var mjög merkilegur gáfumaður, hafði m. a. áhuga á jarðfræði, og samdi ritgerð um Esjuna. — Hann þýddi einnig allstóra bók um eðlisfræði. Þessi mágur sr. Magnúsar, sem nú var að fara af landi burt, var bókamaður eftir því, sem efni og ástæður frekast leyfðu, og þó að farangurinn væri fátæklegur, þá var þar bókakista með, og í henni eðlisfræði sú, sem síra Magnús hafði þýtt. Með þeim hjónum fór sonur þeirra Hjörtur, þá 5 eða 6 ára. Hann var snemma lestrarfús, og las aftur og aftur bókina, sem móðurbróðir hans hafði þýtt. Vakti sá lestur hjá drengnum mikinn hug á rafmagnsfræði, en það leiddi til þess, að Hjörtur Þórðarson varð einn af merkilegustu rafmagnsfræðingum Bandaríkjanna og setti á stofn rafmagnsfyrirtæki, sem undir hans stjórn hefir þrifist svo vel, að þar vinna nú um 900 manns. Mætti því komast svo að orði, að varla nokkur Íslendingur muni hafa haft önnur eins mannaforráð og Hjörtur. Og eins, að hann hafi á skemmtilegasta hátt afsannað orðtækið, að bókvitið verði ekki í askana látið. En auk þess að vera verksmiðjueigandi og rafmagnsfræðingur, er dr. C. H. Thordarson — en þannig er nafn hans núritað — bókamaður í mjög stórum stíl. Hann á nú bókasafn það, sem frægt er, og talið, að mjög fá slík séu til í eins manns eigu. Hefi ég heyrt, að hann muni hafa til kostað því, sem svara mundi milljónum króna. Hefir margan Íslending langað til að eiga bækur, en engum lánast að koma líkt því eins miklu til leiðar í þeim efnum og systursyni Magnúsar Grímssonar.

II

Sagt var í Winnipegblaðinu, sem er heimild míin um ýmislegt, er að ofan getur, — ég man ekki hvort það var Lögberg
248

eða Heimskringla — að dr. C. H. Thordarson væri nú að vinna að rafmagnsuppfinningu, sem líkleg gæti orðið til að hafa áhrif á gang styrjaldarinnar, og er óskandi, að svo reyndist. Kemur mér í hug í því sambandi það sem dr. Macmillan Brown segir í hinni stórmertu bók sinni, Limanora (Framfaraeyjan). Íbúar eyríkisins Riallaro öfunduðust yfir uppgangi Limanoringa og ákváðu að fara með her á hendur þeim og eyðileggja þá. Limanoringar höfðu þá, auk annarra aðferða til fjaráhrifa, fundið upp fjar-skyggnistæki, er gerði þeim fært að hafa nákvæmar gætur á því, sem fram fór í Riallaro, og einn dag, skömmu áður en leggja skyldi upp í hinn mikla leiðangur, urðu allar skot-færabirgðir Riallaringa ónýtar. Varð svo ekkert úr þeirri herferð.

Óskandi væri nú, að Bandaríkin gætu gert eithvað líkt gagnvart Japan. Hugsanlegt er, að lengra fram gæti líffræðin komist í það horf, að meiri menningarþjóð gæti náð þeim tökum á hugarfari ráðandi manna í ríki, sem hygði á hernað og heimsyfírráð, að úr þeim drægi allan kjark eða vilja til slíkra fyrirtækja. — Get ég þessa af því, að ég sá í einhverju blaði talið alveg ómógulegt, að nokkur smáþjóð mundi geta orðið nokkurs megnug í þá átt, að lokið yrði styrjöldum, og óbrigðulum alþjóðafriði komið á hér á jörðu. En í þeim efnum stoðar ekki að miða eingöngu við mannfjölda. Mætti í því sambandi minna á, að sumir merkilegustu vísindamenn 18. aldarinnar voru í Svíþjóð, en Svíar voru þá fámennari þjóð en Norðmenn eru nú. Og um miðja öldina sem leið, kom víst öllum saman um, að Svíinn Berzelius væri merkilegasti efnafræðingur sinnar samtíðar.

6. Smuts forsætisráðherra og heimspekingur og framtíðarhorfur mannkynsins

Einhversstaðar sá ég sagt frá því, að flugsprengjurnar þýsku hefðu gereyðilagt yfir 100 000 hús í Lundúnum og skemmt meir en hálfa milljón. En eftir þeim heimildum, sem ætti að mega telja áreiðanlegastar, voru í fyrri heimsstyrjöldinni eyðilögð í loftarásum á þessa sömu borg 174 hús, og